


# Kennsluáætlun



[modelflug.net](http://modelflug.net)

## Kennsluáætlun

Nemandi kemur með fullbúna flugvél yfirfarna af reyndum móðelflugmanni út á flugvöll og er vélin tilbúin og reynsluflug hennar hefur þegar farið fram. Einnig hefur nemandi eldsneyti, og annan búnað sem til þarf vegna flugs á móðelflugvél. Hér er að neðan verður farið yfir þau atriði sem leiðbeinendur Flugmóðelfélags Suðurnesja styðjast við.

- 1. Byrjun:** Best er að byrja á því að láta móðelflugnemann átta sig á hreyfingum á fjarstýringunni sjálfri með flugvélinni í gangi. Þetta er best að gera á hliðarbraut sem er ekki í notkun, en er samt háð vindátt.
- 2. Akstur:** Móðelflugnemandinn æfir sig að aka flugvélinni á braut. Æfður skal akstur hennar eftir brautinni og einnig æft að koma á móti sér. Með aukinni þjálfun í akstri má auka hraðann og flugtaksbrun æft án þess að vélin fari í loftið. Þetta er æft þangað til að leiðbeinandi telur móðelflugnemann hæfan til þess að fara á þriðja stig. Það er ekki gert fyrr en nemandinn hefur fulla stjórn á flugvélinni á jörðu niðri.
- 3. Í loftinu:** Leiðbeinandinn tekur flugvélinni í loftið og trimmar hana til og gætir þess að flugvélin sé í því ástandi að nemandinn geti tekið við henni í loftinu og treysti sér til þess að fljúga í hringi (þetta er hægt að gera með eða án naflastengs). Einnig er æft að auka eldsneytisgjöf og slá af henni á flugi. Leiðbeinandinn lendir síðan vélinni.
- 4. Flugtak:** Nemandinn tekur flugvélinni á loft, fer í góða hæð eftir flugtak og fer svo í umferðarhring. Nemandinn æfir stig þrjú í nokkrar mínútur og leiðbeinandi lendir vélinni. Þetta er endurtekið þangað til nemandinn er orðinn fullfær um að gera þetta vel.
- 5. Flug:** Nemandinn tekur flugvélinni í loftið flýgur nokkra hringi og æfir sig síðan á því að koma í brautarstefnu. Í þessum æfingum æfir nemandinn að slá af eldsneytisgjöf, og eykur hana síðan aftur.
- 6. Aðflug:** Nemandinn tekur vélina í loftið flýgur nokkra hringi og æfir aðflug með hæðarlækkun, minnkandi eldsneytisgjöf og flug á rétta brautarstefnu.
- 7. Lending:** Nemandinn tekur vélina í loftið flýgur nokkra hringi og æfir aðflug með hæðarlækkun, minnkandi eldsneytisgjöf, flug á rétta brautarstefnu og landingu á braut. Þetta er síðan æft aftur og aftur. Eftir þetta ætti nemandinn að vera sjálfbjarga og heldur áfram að æfa sig í samráði við kennara sinn.

Eftir að nemandinn er búinn að fljúga sitt fyrsta einliðsflug(e.solo) þá mæla kennarar félagsins með margvíslegum flugæfingum samhliða landingum, s.s. að fljúga í áttur, æfa hækkanir og lækkanir yfir ákveðnum stað(biðhringir). Allar þessar æfingar ætti nemandinn að vera fullfær um að framkvæma hvort heldur sem er í sömu hæð allann tímann eða með hæðarbreytingum.